
FUNDARGERÐ

Fundur: 111. fundur Starfshóps um rekstrartruflanir.
Fundartími: Fimmtudagur 26. október 2017, kl. 10:00-12:00
Fundarstaður: EFLA
Fundarefni: 1) Staða skráningar.
2) Kostnaður vegna skorts
3) Áætlun ársins 2018.
4) Önnur mál.

Á fundinn mættu:

START:

Ragnar Stefánsson, Landsnet
Rúnar S. Svavarsson, Veitur
Gunnar Haukur Gunnarsson, Norðurorka
Kjartan Rolf Árnason, RARIK
Ragnar Emilsson, Orkubú Vestfjarða

EFLA:

Ingvar Baldursson
Kolbrún Reinholdsdóttir

Fjarverandi:

Egill Sigmundsson, HS Veitur
Rán Jónsdóttir, Orkustofnun
Þorsteinn Sigurjónsson, Rafveita Reyðarfjarðar

111 fundur START hópsins.

1) Skráning truflanaskýrslna

RARIK hefur skráð um 580 truflanaskýrslur og þar af eru um 300 skýrslur vegna fyrirvaralausra truflana og um 44 vegna truflana í öðru kerfi sem tengjast truflunum hjá Landsneti.

Landsnet er búið að skrá allar truflanir í september. Þar er gefin út skýrsla um hver mánaðamót. Það eru heldur fleiri truflanir en í meðalári og meira um skerðingar. Það var stór truflun þann 17. maí.

Hjá Veitum er skráning í hefðbundnum farvegi.

Hjá Norðuorku er þetta annað árið með DMM kerfinu. Þar eru fáar truflanir. Engar bilanir í háspennukerfinu. Ein truflun tengdist kerfi Landsnets. Gunnar nefndi truflnair

í nýjum strengjum og lýsti áhyggjum á umgengi við strengi, þar sem strengir geta skemmst í flutningum.

Hjá Orkubúi Vestfjarða er búið að skrá 6. mánuði. Það eru færri truflanir í ár en í fyrra fyrir utan truflanir sem tengjast Lansnseti. Það var stór bilun í Mjólká.

- 2) Kolbrún fór yfir skýrsluna „Kostnaður vegna raforkuskorts. Tölur til notkunar árin 2017 og 2018“. Farið var yfir töflur og myndir í skýrslunni. Árið 2016 var gott ár m.t.t. kostnaðar vegna skorts.

Meðalkostnaður fyrir utan stóriðju vegna 60 mínútur truflunar er núna hæstur á Suðurnesjum, og skýrist það að hluta til vegna flugvallar og annarrar atvinnustarfsemi, sjá töflu 4.3.

Umræður voru um forsendur útreikninga. Kjartan nefnir að það hafa orðið töluverðar þjóðfélagsbreytingar frá þeim tíma sem kostnaðarlíkanið var gert. Rúnar lagði áherslu að grunnurinn væri sem réttastur. Æskilegt væri að endurskoða forsendur útreikninga.

Kolbrún nefndi þrjár aðferðir til að meta kostnað

1. Spurningarkönnun
2. Rannsaka ákveðið tilvik, rekstartruflun
3. Hagfærðilegt líkan

Fundarmenn eru á þeirri skoðun að nauðsynlegt væri að endurskoða forsendur kostnaðarlíkans og nýta þann tíma sem er ráðstafað í áætlun. Skoða ætti hvort upplýsingar eða rannsóknir séu til í nágretta löndum sem nætti nýta í þessara endurskoðun.

Festur til að gera athugasemd við skýrslu er vika.

- 3) Ingvar fór yfir rauntölur ársins í ár og áætlun fyrir starfið á næsta ári, 2018. Vinna fyrir árið í ár verður líklega innan áætlunar vegna sameiginlegra verkefna. Sérgreind verkefni á fyrirtæki fyrir utan Landsnet er innan áætlunar.

Rætt var um að auka við tíma sérgreinda verkefna hjá Landsneti. Ingvar og Ragnar ræða saman um fjölda tíma sem á að bætast við.

Ingvar lagði til að bæta við áætlun að fara yfir handbók vegna leiðbeiningar um skráningu skýrslna. Hún var síðast uppfært árið 2006. Hér er áætlað at nota 40 tíma.

Áætlunin var samþykkt með þeim fyrirvara að aðilar/fundarmenn hafa viku eftir að endurskoða áætlun og fundagerð er dreift, til að koma með athugasemdir.

4) Undir liðnum önnur mál.

a) „*Vefur www.truflun.is*“. Ingvar benti á áhugavert erindi Péturs Þórðarsonar, RARIK, um „Áhrif strengvæðingar á afhendingaröryggi“ haldið á Samorkuþingi 2017. Það er komið leyfi frá Pétri að setja það á vefinn truflun.is.

b) „*SVC búnaður*“ Ragnar Stefánsson benti á að bæta þurfti SVC sem kerfiseiningu.

c) „*Nýtt truflunarskáningskerfi hjá RARIK*“. Kjartan greindi frá því að RARIK fyrirhugar að skipta um truflunaskráningakerfi.

Næsti fundur er áætlaður fimmtudag 26. apríl 2018 kl. 10, haldinn hjá Landsneti.

Fleira ekki gert.

Ingvar Baldursson

Dreift var fyrir fundinn:

- Skýrsla: Kostnaður vegna raforkuskorts. Tölur til notkunar árin 2017 og 2018.
- Vinna fyrir starfshóp um rekstrartruflanir 2018, Verkefnishandbók

Sýnt var en ekki dreift:

- Glærur: kynning á skýrslu: „Kostnaður vegna raforkuskorts. Tölur til notkunar árin 2017 og 2018.“
- Glærur: Áætlun ársins 2017, rauntölur ársins 2017 og áætlun ársins 2018.

Verkefni:

Umsjón	Verkefni